

Fundargerð
11. eigendafundar SORPU bs.
Skrifstofa SSH, miðvikudaginn 27. september 2017, kl. 10:30

Mætt:

f.h. eigenda SORPU bs.:

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavíkurborg
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnesi
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ
Haraldur Líndal Haraldsson, bæjarstjóri, Hafnarfjarðarbæ
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbæ
Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri, Kópavogsbæ

frá stjórn SORPU bs.:

Halldór Auðar Svansson, Reykjavíkurborg, stjórnarformaður
Rósa Guðbjartsdóttir, Hafnarfjarðarbæ
Guðmundur Gísli Geirdal, Kópavogsbæ
Sturla Þorsteinsson, Garðabæ
Bjarni Torfi Álfþórsson, Seltjarnarnesi
Hafsteinn Pálsson, Mosfellsbæ

Ennfremur sátu fundinn Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri SORPU bs., Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar og Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs SORPU bs., Ármann Kr. Ólafsson stýrði fundi.

Gengið var til dagskrár.

1. mál: Fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir 2018

Fyrir fundinum lágu eftirtalin gögn:

- a) Minnisblað framkvæmdastjóra SORPU bs. til stjórnarbyggðasamlagsins, dags. 25. september 2017 vegna rekstrarhagræðingar hjá SORPU bs.
- b) “Samantekt á greiðslum sveitarfélaganna sem aðild eiga að SORPU bs. fyrir árið 2018” – vegna reksturs endurvinnslustöðva, reksturs grenndargáma og vegna áætlaðra framlaga eigenda vegna byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar.

Framkvæmdastjóri SORPU bs. fór yfir framangreind gögn.

Umræður

Niðurstaða:

Eigendafundurinn taldi nauðsynlegt að fram kæmu frekari og skýrari upplýsingar og framsetning áætluninnar vegna reksturs byggðasamlagsins og endurvinnslustöðva og áhrif þeirra á framlög sveitarfélaganna áður en hægt verður að taka afstöðu til meginforsendna fjárhagsáætlunar 2018 og framlaga eigenda til byggingar gas- og jarðgerðarstöðvarinnar.

Eigendur Sorpu bs. kalla því eftir neðangreindum upplýsingum:

- Endurvinnslustöðvar: nákvæma samantekt sem sýnir annars vegar núverandi framlög og samsetningu þeirra og útkomuspá og hins vegar sundurliðun á breytingum á þeim vegna áhrifa hagræðingar, áætlaðrar magnaukningar, launakostnaðar, rekstrarkostnaðar og fjármagnskostnaðar. Þessar sundurliðanir verði fyrir hvern eiganda og heild.
- Sorpa bs.: nákvæma samantekt á áætluðum áhrifum hagræðingar, magnaukningar, launakostnaðar, rekstrarkostnaðar og áætlaðrar gjaldskrárhækkana á veltufé frá rekstri og rekstrarniðurstöðu 2017-2020 og getu Sorpu bs. til fjármögnunar gas- og jarðgerðarstöðvar úr rekstri.

Samþykkt að framkvæmdastjóri SORPU bs. taki þessar upplýsingar saman eins fljótt og auðið er. Jafnframt var samþykkt að kalla fjármálastjóra sveitarfélaganna til fundar til að rýna áhrif mismunandi kosta við fjármögnun á væntanlegu framlagi eigenda vegna stofnkostnaðar gas- og jarðgerðarstöðvarinnar.

2. mál: Tillögur starfshóps um endurskoðun á núverandi fyrirkomulagi á rekstri endurvinnslustöðva

Fyrir fundinum lá greinargerð og tillögur starfshóps sem skipaður var fyrr á árinu til að endurskoða núverandi fyrirkomulag á rekstri endurvinnslustöðva.

Samþykkt að vísa greinargerðinni og tillögunum inn í þá vinnu sem nú stendur yfir hjá SORPU bs. vegna reksturs endurvinnslustöðvanna.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 12:20

Páll Guðjónsson, fundarritari.